

Fundur Skólaráðs Kópavogsskóla 20. janúar 2020

Mættir: Jóhannes og Pálmi fulltrúar foreldra, Sólveig grenndarfulltrúi, Guðrún Lilja fulltrúi annarra starfsmanna, Ásta M. og Svanborg fulltrúar kennara, Guðmundur skólastjóri og Guðný sem ritar fundargerð. Bergþóra Þórhallsdóttir fráfaramandi deildarstjóri kom á fundinn og kynnt þróunarverkefni.

Þróunarverkefni Kópavogsskóla, Kópahvols og Skólatraðar - "Þrír starfir".  
Bergþóra kynnir (glæsur).

- Tveggja ára vinna, skoða stefnu læsis á tveimur skólastigum og sjá hvort það sé samfella eða endurtekning. Skoða kennsluaðferðir (orðaspjall aðferð).
- Grunnskólinn leiddi þessa vinnu þar sem hann hefur hæfnimarkmið til að vinna eftir og leikskólinn mátaði sig inn í það.
- Bæði skólastigin nota vináttu verkefni Blæ, samræðuaðferðin er einnig notuð á báðum skólastigum.
- Skoðaðar skimanir. Það sem fylgir nemendum úr leikskóla upp í grunnskóla er Hljómpróf. Það er samband á milli þeirra prófa og samræmdra prófa í 4. bekk.
- Verið að þróa skólanámsskrá sem tilheyrir elsta hópnum í þessum tveimur grunnskólum og 1. bekk í Kópavogsskóla til að gera skólaskilin sem næst því heilstæða.
- Rætt um þá nemendur sem eru með annað tungumál en íslensku og hvort það sé sérstaklega tekið tillit til þeirra í þessari vinnu. Svo er ekki þau fara í verkefni eins og allir hinir eins og hægt er.
- Guðmundur fjallar um að 86 nemendur í Kópavogsskóla voru skimaðir í millimála prófi sem kom ekki vel út. Þetta þarf að skoða betur og vinna með.
- Bergþóra fer yfir móttökuáætlun Kópavogsskóla á verðandi 1. bekkjum. (skoða Smore bréf frá því í hitti fyrra).
- Guðmundur ræðir um sumarskólann sem er 2 vikur að hausti í frístund.
- Svanborg spyr hvort það sé reynt að vinna með foreldrum erlendra bara í grunnskóla og benda þeim á hvað þeir geta gert til að auka orðaforða.
- Rætt um ýmsar leiðir til að taka betur á móti erlendum nemendum.
- Guðmundur ræðir um að það sé mikil vinna hjá Kópavogsbæ varðandi erlenda nemendur.

Guðmundur um reglur um notkun öryggismyndavélar.

- Töluvert um skemmdir á skólum og í kringum þá síðustu ár.
- Það voru, í Bæjarstjórn Kópavogs, samþykktar verklagsreglur fyrir öryggismyndavélar.
- Þegar við fáum nýjar vélar verða verklagsreglur kynntar fyrir foreldrum, nemendum og starfsmönnum.
- Þegar við endurnýjum vélarnar þá verður sérfræðingur fenginn til að aðstoða okkur með það hvar þær verðar.
- Rætt um í hvaða tilgangi þessar vélar verða notaðar.

Guðmundur fjallar um skólalóðina.

- Hún er yfirfarin á hverju ári. Fyrirtækið BSI (fyrirtæki frá Bretlandi) skilar skýrslu um það sem er gott og hvað þarf að laga sem er merkt mismunandi eftir því hversu mikilvægt það er að bregðast við. Guðmundur fer yfir síðustu skýrslu.
- Húsvörður hringir í mann frá Kópavogsbæ sem kemur og lagað það sem laga þarf.
- Sólveig spyr um umræðuna um áframhaldandi uppbyggingu á skólalóð. Hún er í biðstöðu á með það er verið að skoða viðbyggingu við skólann vegna uppbyggingar í hverfinu.

Guðmundur talar um Innra mat Kópavogsskóla skýrslu fyrir skólaárið 2018 - 2019.

- Nökkvi að velta því fyrir sér hvort að Kópavogsskóli hafi verið lægstur í samræmdu prófunum síðasta vetur. Nei erum fyrir ofan meðaltal á landsvísu.
- Guðmundur bendir á grein eftir Eirík Rögnvaldsson prófessor um samræmd próf og mikilvægi þess að endurhugsa þau.

Búin að óska eftir tveimur lausum skólastofum fyrir næsta skólaár.

Heimsmarkmiðinn - Guðmundur

- Bæjarstjórn Kópavogs tók þá ákvörðun um að innleiða Heimsmarkmiðin í Kópavogi.
- Búið er að kanna hvað það er sem skólarnir eru að vinna að nú þegar. Starfandi starfshópur innan skólans sem er stýri hópur skólans.
- Nú erum við að vinna að Alþjóðadagur 14. - 23. janúar. Farið aðeins í það hvað við erum að gera í tilefni þeirra.